



Nýársávarp  
forseta Íslands  
Vigdísar Finnbogadóttur  
1. janúar 1990

Góðan dag, góðir áheyrendur.

Ég óska landsmönnum öllum gleðilegs nýárs með þeirri heilu von að við megum nú líta til bjartari tíma í íslensku þjóðlífi en verið hafa um skeið. Framtíðarspá um þjóðarhag leyfir okkur einnig að trúna að svo sé og að við eigum nú að baki örðugasta hjallann á nokkuð torsóttri vegferð okkar á árinu sem kvatt hefur og heyrir þegar sögunni til. Allt andstreymi í stórum heimi er þó afstætt og mér er stundum, þegar við kveinkum okkur mikið undan þungum róðri, sem ég heyri vísnaðsmiðinn þylja:

Finnst mér oft er þrautir þjá  
þulið mjúkt við eyra:  
þetta er eins og ekkert hjá  
öðru stærra og meira.

Þyngst er okkur ávallt að lifa með sorg við ástvinamissi og um þessi áramót sem fyrir minnumst við þeirra sem ekki eru lengur hluttakendur í lífi okkar og vottum þeim sem sárast sakna innilegan samhug okkar.

„Svo rís um aldir árið hvert um sig ...“ kvað Jónas í nýárskvæði sínu. Og enn verður sama undrið, nýtt ár, eilífðin í endurtekingunni, en samt eitthvað breytt. Sólin er sú sama og í fyrra, og þó er sem sitthvað hafi breyst í ljósi þessarar sólar. Landið er hið sama og í fyrra en samt nýtt og með einhverjum hætti öðruvísi en fyrr. Og söm er þjóðin sem landið byggir en þó hefur ævinlega eitthvað breyst í fari hennar og aðstæðum. Því á hverjum tímamótum bíða okkar ný verk, nýr vandi og oftar en ella ný gleði, – sá vandi og sú gleði sem fylgir þeirri vegsemd að vera Íslendingur. Því það er í senn gott til gæfu og vandasamt að vera Íslendingur.

Hafís við norðurstrendur landsins er um þessar mundir enn einu sinni að minna okkur á það, hvar við erum stödd á hnettinum, þessi sami hafís sem skáldin kváðu um, „landsins forni fjandi“ sem boðaði hart vor, kannske hungur og neyð. Samt skyldum við aldrei gleyma því að aðstæður okkar nú eru allt aðrar en formæðra okkar og feðra til þess að fást við vandann sem skapast af óblíðri náttúru, aðeins ef við viljum beita til þess þekkingu okkar og samtakamætti en látum ekki vanda lítillar þjóðar í stórum heimi smækka okkur, beygja okkur, heldur hvetja okkur til að horfa framan í veröldina og segja án yfirlætis en líka án óhóflegs lítillætis: hér erum við og hér verðum við – því að hér viljum við vera.

Við erum nátengdari þessu landi en margar aðrar þjóðir ættlöndum sínum, þótt sumir finni það ekki fyrir en þeir eru farnir héðan og horfa á það úr fjarlægð. Við gleymum því aldrei að við erum alin upp í töfrabirtu hins íslenska sumars, okkur

finnst að við eigum þetta land með einhverjum þeim hætti sem engu líkist, ískalda jöklana líka og hrjóstrin öll. Þetta er landið sem við tókum í arf og þess vegna er það okkar land og við erum fólk þessa lands.

Þetta er það land sem við þekkjum og unnum. Og ekki aðeins landið í heild: áttthagar eru stórt orð í vitund okkar, oftast stærra en fyrir öðrum annars staðar í álfum. Að sumu leyti kann það að stafa af því að í áttthögunum ber næstum að segja hver blettur nafn sem við þekkjum og talar til okkar á gegnsærri tungu. Bláfjöll og Jarlhettur, Hveradalir og Hljóðaklettur, Jórúkleif og Ingólfsfjall – allt eru þetta staðir sem bera okkur óm sögunnar og náttúruskynjunar allt frá landnámsöld. Of sjaldan gefum við því líklega gaum hvern fjársjóð við eigum þar sem eru skiljanleg örnefni, nöfn sem hvert barn getur séð í gegnum án þess að leita flókinna skýringa frá málvísindamönnum eins og algengast er með öðrum þjóðum. Þarna eins og annars staðar sameinar tungan okkur, eflir skilning okkar, gefur okkur óþrjótandi umræðuefni, ekkert síður en fámennið og frændræknin.

Oft látum við að því liggja að landið sé stórt en þjóðin fámenn, jafnvel of fámenn. Hugsanlega eru þó menning okkar og siðvenjur þess megnugar að leggja okkur mikla líkn í þraut. Til dæmis er sennilegt að hver venjulegur Íslendingur þekki miklu fleira fólk persónulega – bæði lífs og liðið – en mönnum tekst að komast yfir annars staðar í heiminum. Lífs eða liðið sagði ég, því engin þjóð sem ég þekki man eins vel þá sem gengnir eru og hin íslenska, engin þjóð er jafniðin við að draga þá inn í umræðuna um daginn og veginn með því að vitna til þess hvað þeir sögðu og gerðu. Þetta er eitt af einkennum menningar okkar og með þessum hætti verður fámennið til að skerpa minni okkar, gera kynslóðabilið marklitið og um leið til að stækka þjóðina, fjölga í því liði sem við vitum af okkur til trausts og halds í tilverunni.

Og okkur er líka hollt að minnast forréttinda sem fylgja því að vera fámenn þjóð. Vissulega látum við okkur lynda ýmiskonar misrétti en fámennið ætti að gera okkur kleift að byggja þjóðfélag okkar á hugsjónum meira jafnréttis og öflugri samhjálpur en stórþjóðirnar eiga kost á, þar sem ávallt vofir yfir að einstaklingurinn verði ekki annað en það í tafla sem enginn hefur yfirsýn yfir.

Dýrasta sameign okkar, landið, tungan og minningarnar, eflir okkur öryggiskennd. Við erum ekki röt slitin, við eigum okkur athvarf í himingeimnum. En einnig í sameign okkar, í nábyli okkar hvert við annað, felast mótsagnir. Við höfum kunnað að snúa bókum saman þegar mikið lá við en í næstu andrá tókumst við á, gagnrýnum hvert annað eins og lífið liggja við, erum dómhörð og umburðarlynd á víxl, og ekki alltaf auðvelt að koma auga á rökvísina sem ræður því hvað verður ofan á. Þetta getur orðið böll, því við megum síst við því að bíða „þrjóskir við garðinn“ eins og segir í nýju Sturlungakvæði:

„meðan sveit okkar máist  
í móðu sundrunar  
út.“

Þegar við á áramótum reynum að skyggjast fram í tímenn hljótum við að minnast þess að *þetta* eru mikilvægustu forsendur framtíðar okkar: *landið og fólk*.

Án byggilegs lands á fólk sér enga framtíð. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það hvernig við höfum á liðnum öldum gengið um land okkar, jafnvel svo að sumum hefur þótt horfa til auðnar. Hins vegar vil ég minnast þess að fyrir dyrum sendur merkilegt átak í tengslum við sextugsafmæli Skógræktarfélags Íslands, nú á nýbyrjuðu ári, og er kennt við ræktun landgræðsluskóga. En landgræðsluskógur er

skilgreindur sem allar þær landgræðslu- og gróðurverndaraðgerðir, sem leiða til þess að örfoka eða lítt gróið land verði klætt trjágróðri að nýju, eða öðrum jurtagróðri sem bindur mold og býr í haginn. Um gróður gildir það sama og um lífsyndi okkar, börnin. Ef við viljum lifa það að sjá gróskuríkan árangur, þá verðum við að byrja strax, – það er aldrei hægt að draga neitt á langinn sem varðar ræktun. Jafnvel um miðjan vetur verður að gera áætlanir um, hvernig standa eigi að verki strax og tækifæri gefst. Landið sem við nefnum ættjörð okkar hefur oft leikið okkur hart. Það hefur með öðru leitt til þess að við höfum gengið harðara að því en skynsamlegt hefði verið. Vera okkar í landinu hefur ekki samrýmt því að landkostir héldust. En nú höfum við sem betur fer gert okkur grein fyrir illri þróun og viljum snúa við blaðinu. Færa landinu aftur það sem frá því var tekið. Og þá gefum við sjálfum okkur um leið þá gjöf að eiga miklu betra land að una við.

Ég líkti saman trjárækt og uppeldi barna. Til lítils kemur okkur að rækta upp örfoka land ef við gleymum því að öll framtíð þjóðarinnar veltur á þeim sem nú eru börn. Ef okkur gleymist að hlúa að þeim kemur landgræðsla fyrir lítið. Fyrir nokkru voru stofnuð tvenn samtök, annars vegar Íslandsdeild alþjóðasamtaka um uppeldi barna áður en þau ná skólaskyldualdri, OMEP, og hins vegar samtök sem til bráðabirgða eru nefnd „Hjálpum börnum“ og vinna eiga að *barnaheill og bættum hag barna* hér á Íslandi. Þessi samtök stefna að þörfu átaki í aðhlynningarmálum barna, – og mun nú líklega margur spyrja hvort eitthvað skorti á að börnum sé sæmilega sinnt á Íslandi. Búum við ekki við það lán að öll börn fá að borða á Íslandi og enginn gengur klæðalaus? Vonandi er það rétt. Þó er það nú svo að mörgum er hagur barna í þessu vinnupreytta þjóðfélagi mikið áhyggjuefni og greinilega er nauðsynlegt að finna leiðir til lausnar. Við verðum að játa það fyrir okkur sjálfum að börn okkar eru afskipt. Við höfum verið svo ánægð með allt það frelsi sem okkur hefur áskotnast og gengið svo áköf til vinnu til að afla verðmætanna, án þess að láta þar á móti koma öruggan umhyggju- og uppeldisstað fyrir börnin, skóla og námsstofnanir, að við höfum gengið svo langt að láta börnin ganga sjálfala. Það er eins og við höldum að þau geti bjargað sér sjálf, að þau læri af sjálfsdáðum að tileinka sér verðmæti lífsins, svo sem fróðleik ýmiskonar og sjálfsaga. Þá höfum við gleymt því, að ekki gátum við, sem nú erum fullorðin, bjargað okkur sjálf til uppeldis. Við fengum aðstoð, okkar ræktun, þegar við vorum börn og styrk til að nýta hana.

Þessa aðstoð fengum við hjá fullorðnum sem leiðbeindu og töluðu við okkur og umgengust okkur eins og þær manneskjur sem þeir vildu að við yrðum, þjóðinni til gagns þegar við eltumst. Öll börn eiga rétt á þessari hjálp. Öll börn eiga rétt á því að fá frá okkur fullorðnum uppeldi til að njóta þess að lifa, hjálp til að sjá og nálgast það sem gefur lífinu gildi. Þegar nú samfélag okkar hefur þróast til þess að hverju heimili dugi ekki minna en tveir til fyrirvinnu, ef sinna á kröfum tímans, þá verður eitthvað annað að koma í staðinn til leiðsagnar og uppeldis. Þá verður með nýjum hætti að tryggja öllum börnum full mannréttindi.

Ég tel líka að hér séu hyggindi sem í hag koma – hvert skref sem stigið er til að kenna börnum að njóta andlegra verðmæta verður til þess að þau geti betur aflað sér hinna veraldlegu, án þess að mikla þau fyrir sér. Við verðum að gefa börnunum af tíma okkar og reynslu og vinsamlegum skilningi svo þau viti betur að maður er manns gaman um leið og þau kunni að vera ein með sjálfum sér og afla sér gleði við annað en það sem mölur og ryð fá grandað. Og öll börn eiga heimtingu á uppeldi til þess að verða manneskjur í einu og öllu, til þess að njóta samvista við aðra en óttast þá ekki. Ekkert okkar fær í vöggugjöf skemmdarfýsn eða kunnáttu til ofbeldisverka. Ekkert barn á skilið að alast upp til slíkrar hegðunar.

Þegar við um þessi áramót reynum að sjá tilveru okkar, það að vera Íslendingar, í víðara samhengi, hugsum við ekki síst til þess hvers virði séreinkenni okkar, þjóðmenning okkar, er í heimsmenningunni. Heimsmenning og þjóðmenning: þetta tvennt skarast alltaf, því enginn er eyland. Í þjóðmenningunni er ávallt margt að finna sem er heimsmenning. Án þjóðmenninga sem eru sjálfum sér trúar væri engin heimsmenning. Og mætti ég þá í leiðinni minna á þann augljósa sannleik að heimurinn er ekkert annað en við, hér og nú, og að ábyrgð okkar er að bregðast á hverju augnabliki sem líður við því hvernig hann er frá stund til stundar. Á þetta höfum við verið átakanlega minnt í jólamánuði 1989. En þar fyrir utan er þjóðmenning séreign þjóðar, sem verður að fá að hugsa sitt í ljósi þess hvar hún býr á jarðhnettinum og í ljósi þess sem yfir hana hefur gengið. Þetta er sú menning sem er séreign hvernar þjóðar, auðlegð sem aldrei verður frá henni tekin.

Vitundina um þessa auðlegð sköpum við okkur í tungumálinu. Þar erum við rík en megum þó ekki láta þar við sitja. Hver og einn rækti garðinn sinn segir í frægri bók. Og það er til margs konar ræktun. Á nýliðnu ári var efnt til málræktarátaks og er talið að hafi lánast vel. En því átaki má ekki vera lokið. Því má aldrei ljúka. Öll ár í lífi þjóðarinnar verða að vera málræktarár. Okkur getur ekki liðið vel, við getum ekki eignast lífsfyllingu í þjóðerni okkar, nema með því að rækta tunguna sem best, þetta orðríka, gagnsæja og langmunnuga tungumál, sameign okkar. Við viljum ekki að fyrir íslenskri tungu fari eins og latínu, að afkomendur okkar verði að setjast á skólabekk og nálgast hana sem framandi tungu til að geta lesið um okkur sjálf. Við verðum að láta það renna okkur í merg og bein að hvert orð sem gleymist er glataður sjóður, ómissandi lykill úr stórrí lyklakippu, hvert örnefni innistæða á minningabanka með góðum vöxtum.

Þá þurfum við einnig að tryggja það að þeir sem við taka kunni að tileinka sér bækur, haldi áfram að lesa okkar eigin bækur um okkar eigin veruleika og kunni og skilji ljóð okkar. Ég hef lengi verið þeirrar trúar að ljóð þjóðarinnar varðveiti svo vel ótal orð og blæbrigði í ríkidæmi tungunnar sem stöðugt er í hættu að glati purpurafaldi sínum. Og ljóð er auðvelt að læra – þau seintast inn í minnið og efla til lesturs annars efnis sem á sama hátt er verðmætt. Við vitum að samkeppnin um tómsundirnar harðnar og að hætt er við að bóklestri fari aftur. Við það yrðum við til muna fátækari. Því það verður seint ofmetið hve mjög það auðgar hvern mann að hafa vanist því að lesa.

Vitað er fyrir margvíslegar rannsóknir að lestrarvenjur mótast snemma, eða áður en börn eru 11 til 12 ára. En hver lítur eftir því að börn okkar læri að umgangast bókina sem ómissandi þátt í daglegu lífi, sem ætti ekki að vera bundinn skyldu heldur er sjálfsagður réttur barns sem elst upp í þessu landi. Og hver getur séð til þess að ljóðið taki þátt í því að rófesta tunguna og ríkidæmi hennar með þeim virka hætti sem við helst vildum? Að engir múrar rísi milli þeirra sem fara með bókmenntaarfinn og rækta hann og hinna sem á stundum þykjast láta sér fátt um finnast. Þorsteinn skáld frá Hamri segir:

Köllumst því á  
annað veifið!  
þú og ég  
og maðurinn sem fullyrðir stundum að sér  
leiðist ljóð;  
og hver veit  
nema maður sem fullyrðir að sér leiðist ljóð

geti þrátt fyrir það  
nært okkur  
á ljóði lífs síns  
sært okkur  
við ljóð alls lífs  
dag og dag.

Góðir landsmenn. Ég hef eins og stundum áður látið mér tíðrætt um ræktun lands og lýðs. Skilji þó enginn orð mín svo að ég geri lítið úr því sem á þeim sviðum hefur verið unnið hingað til. Þar hefur oft verið lyft grettistöfum. En á hverjum tíma ber okkur skylda til að byggja á þeirri þekkingu sem við vitum besta og sannasta. Okkur ber ávallt að vera reiðubúin að endurskoða starfsaðferðir okkar, jafnt í landrækt sem mannrækt. Við lifum tíma svo stórstúgra breytinga að margir jafna til byltingar. Án þess að gera okkur sek um óleyfilega bjartsýni getum við meira að segja haldið því fram að þjóðir heimsins muni á nýjum áratug snúa sér að ræktun og uppbyggingu með stórfenglegum hætti. Stórbætt sambúð ríkja og ríkjablakka leiðir til þess að stigin eru merkileg skref í þá átt að skera niður vígbúnað, fækka eyðingarvopnum. Með því móti er dregið að miklum mun úr líkum á því að styrjaldir brjótist út manna í milli. Um leið verða til nýir möguleikar á því að semja sátt í stríði mannkynsins gegn móður náttúru, sem alltof lengi hefur staðið og haft hörmulegar afleiðingar. Heimurinn gerir sig nú líklegan til að hrista sem víðast af sér fjötra, til að höggva eldflaugaskóg og snúa orku sinni og hugviti að því að vernda náttúrulegt umhverfi mannsins, – snúa við blaði, hreinsa mengunarkaunin, rækta upp, láta sár foldar gróa. Það er trú mín og von og ósk, að á þessu ári og þeim næstu munum við sjá vakningu um allan heim, samstillt átak til að bæta það sem við höfum óvart eða viljandi rífið niður eða eyðilaggt, átak til að byggja upp jörðina sem við göngum á og manninn sjálfan. Fari svo, kann að blasa við okkur ný og mennskari framtíð á þessum síðasta áratug aldarinnar en okkur hefur dreymt um að undanförmu. Í raunsærri bjartsýni höfum við þá fulla ástæðu til að segja af sannfæringarkrafti:

Gleðilegt nýár, gifturíka framtíð.

Guð blessi land vort og þjóð.